



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

Kennitala: 440113-0280

Reykjavík 16. júlí 2021  
MÍ202107-0089/ 6.10 / K.M.

Vegagerðin  
Helga Jóna Jónasdóttir  
Verkefnastjóri  
Borgartúni 5-7  
105 Reykjavík

### Efni: Hliðarvegur í Lækjarbotnum við Suðurlandsveg.

Minjastofnun Íslands hefur móttekið tölvupóst Helgu Jónu Jónasdóttur verkefnastjóra f.h. Vegagerðarinnar, dags. 08.07.2021. Óskað er eftir umsögn um framkvæmdir við hliðarveg í Lækjarbotnum.

Í tölvupóstinum kemur fram að komið sé að vinnu við breikkun Suðurlandsvegar á u.p.b. 5 km kafla á milli Fossvalla og Hólmsár. Til stendur að leggja hliðarveg að Waldorfsskóla sem ekki var sýndur í matsskýrslu framkvæmdarinnar árið 2009. Þá segir að sneitt verði hjá fornleifum og vernduðum svæðum í Lækjarbotnum sem fjallað er um í matsskýrslunni og fornleifakönnun vegna framkvæmdanna. Um sé að ræða tvær fornleifar, GK:B1 og GK:B17.

Fyrir liggur fornleifaskráningarskýrsla Skriðuklaustursrannsókna frá árinu 2006, *Fornleifakönnun. Vegna fyrirhugaðrar breikkunar Suðurlandsvegar frá Hafravatni að Hveragerði*. Í skýrslunni er ekki fjallað sérstaklega um GK:B1 en staðsetning er sýnd á loftmynd. Um mun vera að ræða svokölluð Tröllabörn. Fjallað er um Tröllabörn í matsskýrslunni. Þar segir að Tröllabörn séu friðlýst náttúrvætti og að talið sé að þau hafi verið notuð sem fjárskyli og jafnvæl sem sæluhús. Engin merki um slíka notkun mun vera að finna í Tröllabörnunum í Lækjarbotnum. Leita þarf umsagnar Umhverfisstofnunar vegna Tröllabarnanna.

Í fornleifaskráningarskýrslu segir að GK:B17 sé forn túngarður sem líklega hafi legið í kringum gamla bæjarstæðið í Lækjarbotnum, áður Lögberg. Túngarðurinn er sagður vera 15 metrum sunnan frá þjóðveginum og að innan túngarðsins megi finna fjárhús, heimagrafreit og aðrar rústir. Hvorki túngarðurinn né aðrar fornleifar sem talað er um í skráningarskýrslunni hafa verið mældar upp.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarmenningar nr. 80/2012 eru ákváðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsvistigi og ekki kærانlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsvistulaga nr. 37/1993 getur aðili málss óskad eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slikur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.


Á yfirlitsmynd Vegagerðarinnar má sjá að nýi hliðarvegurinn á að liggja á milli túngarðsins og núverandi Suðurlandsvegar. Þarna liggur í dag slóði sem munu vera leifar gamla Suðurlandsvegarins. Í fornleifaskráningarskýrslunni kemur fram að einungis eru 15 m milli gamla túngarðsins og núverandi vega og því erfitt um vik að koma þar fyrir vegi með fyllingum sínhvoru megin við veginn.

Minjastofnun Íslands telur að fá þurfí fornleifafræðing til að mæla upp gamla túngarðinn og þær minjar sem kunna að leytnast innan hans. Setja þarf útlínur fornleifanna á loftmynd/kort ásamt fyrirhuguðu vegstæði hliðarvegar og fyllingum. Gera þarf grein fyrir hvernig fyrirhugað er að forðast rask á fornleifunum.

Minjastofnun telur að samhliða þeirri skráningu sem fjallað er um hér að ofan ætti að fá fornleifafræðing til að kenna það svæði sem fer undir nýjan hliðarveg að Waldorfsskóla og ekki hefur verið kannað áður.

Minjastofnun Íslands mun taka afstöðu til framkvæmdar við nýjan hliðarveg að Waldorfsskóla þegar skráning fornleifa á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði hefur verið uppfærð og fyrir liggur hvaða áhrif framkvæmdin mun hafa á fornleifar. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands

  
Kristinn Magnússon  
verkefnastjóri

Bréfið er sent í tölvupósti til:

Helgu Jónu Jónasdóttur ([hjj@vegagerdin.is](mailto:hjj@vegagerdin.is))